



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

23. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn
mánudaginn 8. maí í skólanum.

Hófst hann kl. 20³⁰.

Mættir voru auk skólameistara og aðstoðarskólameistara,
Gunnar Sveinsson, Guðrún Sigurðardóttir, Ingvar Jóhannsson,
Guðjón Kristjánsson og Jón Hólmgeirsson.

I. Byggingamál skólans:

Fyrir liggja drög að samningi milli Meistarafélags
byggingarmanna á Suðurnesjum og F.S. Að hálfu
Meistarafélags byggingarmanna mættu á fundinn Ólafur
Erlingsson og Alexander Jóhannesson til að skýra
sjónarmið sín. Nefndin lagði fram breytingar á samnings-
drögum meistarafélagsins og var skiptst á skoðunum um þau.
Samþykkt að boða til fundar þann 9. maí og ganga þá frá
samningum.

II. Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu. Kemur
þar fram að ráðuneytið ítrekar að ekki komi til álita
að fara þá leið sem skólanefnd F.S. hafði hugsað sér við
tilhögun byggingar skólans.

III. Lagt fram uppkast að samningi um byggingu F.S. milli
menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaganna á Suðurnesjum.
Samningsdrögun voru ítarlega rædd.

IV. Skólaslit:

Skólaslit fara fram 20. maí n.k. í Félagsbíó í Keflavík.
Rætt var um tilhögun skólaslitanna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Fundarritari

Jón Hólmgeirsson